

Fundur haldinn í Grunnskólanum í Hveragerði, Skólamörk, 26. apríl, 2010
kl. 17:00

Mættir voru: Anna Björk Níelsdóttir, Birkir Sveinsson, Eyjólfur Kolbeinsson, Guðrún Hafsteinsdóttir, Guðjón Sigurðsson, Dagbjört Helga Guðmundsdóttir, Ingibjörg Sigmundsdóttir í fjarveru Hönnu Guðrúnar, Ingibjörg Zoega, Gunnvör Kolbeinsdóttir, Elín Norðdahl í fjarveru Sesselju Ólafsdóttur og Viktoría Sif Kristinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- 1) Skýrslur leikskólastjóra
- 2) Skólastefna Hveragerðisbæjar
- 3) Skýrsla skólastjóra

Formaður setti fund. Engar athugasemdir voru við fundarboð.

1. Skýrslur leikskólastjóra

Farið var yfir starfsmannahald og þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á næstunni. Á Óskalandi og Undralandi verða þær breytingar að tveir starfsmenn hætta og hverfa til annarra starfa og tveir starfsmenn fara í barnseignarfrí.

Unnið er að innra og ytra mati leikskólanna og hefur sú vinna gengið vel. Til stendur að senda út foreldrakönnun og kanna viðhorf þeirra til leikskólanna. Er það einn liður í mati leikskólanna.

Mikið og öflugt starf er á báðum leikskólunum og ber þar helst að nefna þátttöku þeirra í verkefninu "vinir Zippý" en það er lífsleikniverkefni.

Mikil tónlist er notuð í daglegu starfi leikskólabarna og hefur það gefist einstaklega vel. Styrkur frá Hljómlistarfélagi Hveragerðisbæjar kom vel að notum til kaupa á nýjum hljóðfærum.

Verið er að ljúka við að prófa elstu börnin með "Hljóm 2".

Samvinna á milli leikskólanna og Grunnskólans er til mikillar fyrirmyndar að mati beggja leikskólastjóranna. Leikskólabörnin munu halda áfram að gróðursetja í landi leikskólanna líkt og undanfarin ár. Á Undralandi er farið af stað með samstarfsverkefni á milli leikskólans og Dvalarheimilisins Áss. Börnin fara í heimsókn og taka þátt í daglegu starfi eldri borgaranna og til stendur að eldri borgarar komi í heimsókn á Undraland. Hefur þetta verkefni farið vel af stað. Mikið hefur verið um forföll starfsmanna í vetur. Oft hefur þurft að biðja þá sem eru í hlutastarfi að vinna aukalega og

skapar það enn fleiri fjarvistir þar sem ber að greiða fyrir aukavinnu í fríi og ekki heimild til að kalla til auka afleysingafólk.

2. Skólastefna Hveragerðisbæjar

Rætt um skólastefnu Hveragerðisbæjar sem gefin var út í apríl 2008. Skólastjórar greindu frá hvernig þeir nota hana við skipulagningu skólastarfsins. Er skemst frá því að segja að allir skólastjórnarnir þrír hafa skólastefnuna að leiðarljósi í sínum skóla.

3. Skýrsla skólastjóra

Guðjón skólastjóri fór yfir það sem hefur á dagana drifið síðan á síðasta fundi. Töluvert hefur verið um heimsóknir í skólann og má þar nefna t.d. Sigurð Skúlason leikara en hann dvaldi um skeið í listamannahúsinu í „Gossabrekkunni“. Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar, fræðslunefnd og skólaráð voru boðuð í heimsókn í þeim tilgangi að kynna fyrir þeim það starf sem fram hefur farið vegna sjálfsmats skólans. Eins og undanfarin ár tók skólinn þátt í Stóru upplestrarkeppninni en hún var haldin að Stað á Eyrarbakka. Skemst er frá því að segja að nemendi frá okkur, Erla Lind Guðmundsdóttir, hafnaði þar í þriðja sæti og er það frábær árangur. Stærðfræðikeppni Suðurlands var haldinn á dögnum og átti Grunnskólinn í Hveragerði tvo sigurvegara þar. Karólína Ursula Guðnason varð í fyrsta sæti í sínum árgangi og Eyþór Heimisson var í þriðja sæti í sínum árgangi. Grunnskólinn átti því tvo af níu sigurvegurum þetta árið og er það frábær árangur. Árshátíðir stigana hafa verið haldnar ein af annarri og er það mat manna að þær hafi tekist með ágætum. Einnig var farið yfir þær manna breytingar sem átt hafa sér stað á skólaárinu og farið var yfir þær breytingar á starfmannahaldi sem fyrirhugaðar eru næsta skólaár.

Ekki fleira gert og fundi slitið klukkan 18:18